

Gildandi deiliskipulag

**Deiliskipulag Teigahverfi - syðri hluti**

Í gildi er deiliskipulag fyrir Stgr. 1.360-1.365, Teigahverfis - syðri hluti sem var samþykkt 2. júlí 2002 ásamt síðari breytingum.

**Breyting á deiliskipulagi - Hofteigur og Kirkjuteigur**

**Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:**

Breytingin felst í því að gegnumakstursgötunnar Hofteigur og Kirkjuteigur verða botngötur og verður lokað á umferð um þær inn á Reykjaveg með áherslu á gangandi vegfarendur.

Breytingin felst í því að gegnumakstursgötunnar Hofteigur og Kirkjuteigur verða botngötur og verður lokað á umferð um þær inn á Reykjaveg.

**Hofteigur**

Við enda Hofteigs er gert ráð fyrir snúningssvæði og vegna þess er þörf á að minna lóð Laugarnesskóla óverulega. Lóðin minnkur um 137 m<sup>2</sup> og fer frá því að vera 23.127 m<sup>2</sup> í að vera 22.990 m<sup>2</sup>. Minnkun lóðarinnar er það óveruleg að hún hefur ekki áhrif nýtingarhlutfall sem er óbreytt eða 0,28.

Gert er ráð fyrir kantsteini, götugögnum og gróðri við enda Hofteigs en útfærsla verður skilgreind nánar í hönnun. Í framhaldi af gangstétt meðfram sunnanverðum Hofteig er gangbraut yfir Reykjaveg en gert er ráð fyrir miðeyju á Reykjavegi þar sem gangbrautin er til að bæta öryggi á gangbrautinni.



Breytt deiliskipulag

**Kirkjuteigur**

Gert er ráð fyrir litlu snúningsvæði við enda Kirkjuteigs sem verður útfært þannig að nokkur núverandi langstæði beggja megin götunnar verða feld burt en útfærsla verður skilgreind nánar í hönnun.

Gert er ráð fyrir þröngingu á Reykjavegi þar sem núverandi tenging er við Kirkjuteig og er tilgangurinn að bæta öryggi á gangbraut yfir Reykjaveg en núverandi gangbraut mun hliðrast um nokkra metra til suðurs.

Fyrir utan breytingar þessar gilda áfram eldri skilmálar.


**Umhverfisáhrif**

Lokun Kirkjuteigs og Hofteigs fyrir akandi umferð á Reykjavegi hefur áhrif á leiðir íbúa við umræddar götur. Aukið umferðarflæði á öðrum götum á svæðinu er talið lítið og vel innan þolmarka þeirra gatna sem umferðin færast á. Möguleikinn á gegnumakstri um Kirkjuteig og Hofteig hverfur, sem er talið hafa jákvæð áhrif á umferð og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við Reykjaveg og við Laugarnesskóla. Það verður enn mögulegt að nota sleppistæði með hringakstri norðan við Laugarnesskóla fyrir börn sem er ekið til skóla.

Áhrif á aðra umhverfisþætti eru talin óveruleg.

**Samræmi við aðrar áætlanir**

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, m.a. hvað varðar að bæta hönnun gatnarýmris og umbætur sem varða almenningssamgöngur, hjólréiðar og gangandi vegfarendur.



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2040

**SKÝRINGAR FYRIR TILLÖGU**

- BYGGINGARREITUR (A)
- BYGGINGARREITUR (B) FYRIR BRÁDABIRGÐAKENNSLUSTOFUR
- BYGGINGARREITUR (C) FYRIR GERVIGRASVÖLL
- BYGGINGARREITUR (D)
- LÓÐAMÖRK
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGAR
- ▨ BRÁDABIRGÐAHÚSNÆÐI BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- GÖNGUSTÍGUR
- MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR
- LOKUN HOFTEIGS OG KIRKJUTEIGS VIÐ REYKJAVEG



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

**REYKJAVÍKURBORG - LAUGARDALUR**  
DEILISKIPULAG TEIGAHVERFI - SYÐRI HLUTI  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

KVARÐI-A2:	1:1000	TEIKN NR:	101
DAGS:	13.04.2026	HANNAÐ:	óí
FLOKKUR:	000-reyk-laugd_A	TEIKNAD:	óí /er
SKRÁ:		VERKNR:	24197

